

Fundargerð 521

Fimmtudaginn 30. mars 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH) og Sigurjón Þórðarson (S.Þ). Auk þeirra sátu fundinn; Arna G. Tryggvadóttir (AGT) löggiltur endurskoðandi PWC, Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum;

1. Ársreikningur Byggðastofnunar 2022 - til afgreiðslu
2. Önnur mál - til kynningar

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Ársreikningur Byggðastofnunar 2022 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2022 gerður skv. IPSAS staðlinum, skýrsla ytri endurskoðanda og skýrsla endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar.

Afkoma ársins var jákvæð um 374,2 m.kr. Eignir í lok árs námu 23.822 m.kr., skuldir voru 20.126 m.kr. og eigið fé 3.696 m.kr. Eiginfjárlutfall sk.v lögum um fjármálafyrirtæki var 19,72%.

AGT kynnti skýrslu ytri endurskoðanda en þar sem Byggðastofnun hefur ekki lokið innleiðingu IPSAS staðalsins að fullu verður álit endurskoðanda neikvætt.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME, HÁ og MH.

Formaður lagði til að afgreiðslu ársreiknings yrði frestað og að starfsfólk fundaði með endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar, Ríkisendurskoðun og Fjársýslunni. Var tillagan samþykkt samhljóða.

AGT vék af fundi.

2. Önnur mál - til kynningar

...

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 9:30

Magnús Helgason, fundarritari
Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Sigurjón Þórðarson